

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, Urriðaholt, Garðabæ.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. apríl 2005 staðfest breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, frá 20. desember 2002.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

- Heildarfjöldi íbúða í Garðabæ austur (svæði 17a) árið 2024 verður 7.550 í stað 4.600.
- Heildarfjöldi íbúða í Garðabæ vestur (svæði 17b) árið 2024 verður 820 í stað 2.800.
- Heildarstærð atvinnuhúsnæðis í Garðabæ austur (svæði 17a) árið 2004 verður 429.000 m² í stað 359.000 m².
- Heildarstærð atvinnuhúsnæðis í Garðabæ vestur (svæði 17b) árið 2004 verður 97.000 m² í stað 167.000 m².

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 15. apríl 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.